

Viðnámsmælingar á Reykjanesi sumarið
1982. Staðan í lok sumars

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-82/04

VIÐNÁMSMÆLINGAR Á REYKJANESI SUMARIÐ 1982

Staðan í lok sumars 1982

Mælingar hófust 15. júní og var fram haldið til 30. ágúst. Fyrstu tvær vikurnar var einn mælingaflokkur á svæðinu, en eftir það voru tveir flokkar á svæðinu í 5 vikur en síðustu 4 vikurnar var þar einn flokkur.

Í útsendri áætlun var gert ráð fyrir að mæliflokkarnir mundu afkasta að meðaltali 1,2 mæl. á hverjum virkum mælidegi og að mælingarnar yrðu alls 90 í sumar. Þetta var miðað við hámarksafköst og engar óvæntar tafir. Í raun urðu afköstin heldur minni eða 0,93 mælingar á dag. Helstu ástæður fyrir þessu voru annars vegar, að í sumar voru teknir í notkun nýir straum-sendar og komu fram í þeim smágallar sem ollu nokkrum töfum í upphafi. Hins vegar var tíðarfar mjög slæmt til mælinga á Reykjanesskaga þann tíma sem 2 flokkar voru á svæðinu og fyrir slíkt er erfitt að komast.

Alls voru mældar 74 mælingar, þar af voru 2 mælingar frá haustinu 1981 endurmældar. Alls voru því mældar árin 1981 og 1982, 83 mælingar; af þeim 100 mælingum sem ráðgerðar voru. Niðurstöður þessara mælinga leiddu hins vegar í ljós að ekki var þörf fyrir eins margar mælingar og ætlunin var að gera á norðanverðu svæðinu, svo að ekki er gert ráð fyrir frekari mælingum.

Úrvinnsla mælinganna er hafin og komin nokkuð áleiðis. Fyrstu niðurstöður benda til þess að tengsl séu veruleg á milli Eldvarpa og Reykjaness í efstu 1-2 km, a.m.k. finnst ekki samfelldt lágviðnámsbelti þar á milli svipað og á milli Svartsengis og Eldvarpa. Mælingarnar benda hins vegar til þess að áður óþekkt lágviðnámssvæði sé í sprungubeltinu mitt á milli Hafna og Reykjaness, og virðist það vera töluvert stórt. Tengsl þess við Reykjanes eru ekki alveg ljós.

Mælingarnar austan Svartsengis benda til að lágviðnámsbeltið nái austur að Fagradalsfjalli en þó er viðnámið austan Svartsengis innan þess beltis ekki eins lágt og vestar eða 6-8 km.

1982-10-08

Á norðanverðum skaganum reyndust niðurstöður mælinga yfirleitt neikvæðar og lágviðnámið við Snorrastaðatjarnir kom ekki fram nema kannski mjög grunnt. Fyrir vikið var fjöldi mælinga á svæðinu skorinn allmikið niður.


Eins og áður sagði er úrvinnsla mælinga þegar hafin og er það fyrr en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Ef allt fer að óskum og ekkert óvænt kemur upp, þá má reikna með að úrvinnslu verði lokið um áramót eða litlu síðar.

JHD·JED·2500·LG.
82.03.0577.em.

Tillögur um viðnámsmælingar á Reykjaneskaga sumarið 1982 Staðan í lok sumars 1982


SKÝRINGAR:

 Djúpvíðnám
allvel þekkt.

 Óljós vitneskja
um djúpvíðnám.

 Háhitasvæði

 Mörk rannsóknarsvæða

 Mælt 1981 og 1982

